

HVAÐ ER HEIMSPEKI? SEPTEMBER 2006

Spurningar hópsins:

- Hver er sannleikurinn? (Erla)
- Af hverju halda flestir að heimspekingar séu lokaðir inni í fílabEinsturni? (Guðný)
- Eru ekki allir heimspekingar? (Unnar)
- Er hann viss um að allir heimspekingar vilji „friðsamlegt samlíf“ allra manna? (Brynildur)

Af hverju halda flestir að heimspekingar séu lokaðir inni í fílabEinsturni? (Guðný)

- Það er eitthvað asnalegt við að vera heimspekingur:
 - Peir eru bara í eigin heimi
 - Segja bara hið augljósa
 - Heyrum lítið um þá
 - Vitum lítið um þá
- Við kannski höldum að þeir séu BARA í fílabEinsturninum af því að við heyrum svo lítið um þá!

Eru ekki allir heimspekingar? (Unnar)

- Hvernig eru heimspekingar? Fyrstu hugmyndir
 - Lifa í eigin heimi, eiga ekki fjölskyldu, eru tengslalausir gamlir karlar
 - Það þarf að læra heimspeki sérstaklega í háskóla
 - Það þarf að vera klár
 - Þeir vinna ekki
 - Fátækir
- Hvað gera heimspekingar? Fyrstu hugmyndir
 - Segja hið augljósa
 - Þróa kenningar
 - Lesa mikið um sögu mannsins, þurfa að þekkja hana vel því þeir eru að fjalla um manninn almennt
 - Nota mikið hugmyndaflugið

- Samanburður á heimspekingum og rithöfundum:

Rithöfundur	Heimspekingur
<ul style="list-style-type: none">• Les mikið• Hefur hugmyndaflug• Skrifar• Segir frá atburðum • Skáldar • Má bulla á meðan hann viðurkennir að hann sé að bulla/skálda	<ul style="list-style-type: none">• Les mikið• Hefur hugmyndaflug• Skrifar• Segir frá hugmyndum Leggur fram kenningar• Þarf að byggja á rökum reynir að útskýra eitthvað raunverulegt segir frá ólíkum sjónarhornum• Þarf að vera skiljanlegur • Er menntaður í heimspeki

- Hvernig eru heimspekingar og hvað gera þeir? Þróaðri hugmyndir
 - Eru forvitnir
 - Hafa opinn huga
 - Hlusta á aðra
 - Segja frá hugmyndum sínum, skrifa þær í greinar og bækur
 - **ATH!** Það er hægt að lýsa því hvernig góður heimspekingur á að vera (eins og með atriðunum í þessum lista) en síðan er ekki þar með sagt að allir sem segjast vera heimspekingar geri þessa hluti vel – það eru ekki allir góðir heimspekingar!!
- Geta þá allir talist heimspekingar?
 - Allir hugsa um hugmyndir
 - Allir pæla
 - Allir eru forvitnir
 - Börn hugsa út í allt
 - En allir segja ekki alltaf frá hugmyndum sínum eða skrifa þær niður